

# KJARVAL



**30% afsláttur**

**1.749 KR. KG**

Móa kjálkingabringur



**25% afsláttur**

**1.459 KR. KG**

Goða lambalæri m/ ferskum kryddjurtum



**20% afsláttur**

**1.878 KR. KG**

Goða Lambalæri-sneiðar Style



**20% afsláttur**

**1.838 KR. KG**

Goða lambakótelettur Ítösk marinering



**4 stykki í pakka**

**399 KR. PK.**

Búrfells grillborgarar



**20% afsláttur**

**1.861 KR. KG**

SS létt spægipylsa sneiðar



**20% afsláttur**

**1.259 KR. KG**

SS Mexico grísakótelettur



**52 KR. STH.**

Kókómjólk 1/4 ltr.



**88 KR. STH.**

Kókómjólk í flösku 320 ml.



**89 KR. STH.**

Pepsi eða Pepsi Light



**149 KR. STH.**

Myllo samloku-brauð gróf 1/2



**OSTAR Í ÚRVALI!**



**399 KR. PK.**

Góu lakkrís-dúndur tvenna



**129 KR. PK.**

Homeblest súkkulaðikex



**199 KR. KG**

Bökunarkartöflur í lausu



**598 KR. STH.**

Dove brúnukrem

**- Sumartilboð Kjarvals -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Sauðfjárvóti til sölu !

Til sölu er 97 ærgilda sauðfjárvóti. Tilboð berist fyrir 15. júní 2007.  
Peim skal skilað á BVT ehf. Austurvegi 15,  
merkt SAUÐFJÁRVÓTI.

## ÍPRÓTTAÆFINGAR

Íþróttæfingar U.m.f. Skafta hefjast fimmtudaginn 7. júní og verða í sumar á mánudögum og fimmtudögum frá kl 20:30 - kl. 22:30. Þjálfari verður Harpa Ósk Jóhannesdóttir.

Allir á völlinn.  
Stjórinn.



## Stofnfundur

fjór og sexhjóla klúbbs  
verður haldin á Ströndinni  
miðvikud. 6.6. kl 20




*Undirbúningsnefnd*

Nú má lesa Vitann á [sudurland.net](http://sudurland.net)

## Tannlæknir á Heilsugæslunni á Kirkjubæjarklaustri

Sæbjörn Guðmundsson tannlæknir verður á heilsugæslunni á Klaustri 8-9. júní 2007.

*Tímamantanir eru í síma 551 0699.*



## Halldórskaffi

auglýsir opnunartíma:

Virka daga og sunnudaga  
opið til kl. 10:00 (22:00) á kvöldin

Föstudaga og laugardaga  
opið frá kl 11:00 til 02:00

21. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 6. JÚNÍ 2007



## Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Föstudaginn 1. júní hefst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til föstudagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 8 júní.

*Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372*

Vegagerðin

## ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í VÍK



Íþróttamiðstöðin verður lokað dagana 6-7. júní vegna skyndihjálparnámskeiðs og framkvæmda.

The Sportcenter is closed 6 - 7. june.

*Starfsfólk*

## TÖLTMÓT KÓPS

*Hestamannafélagið Kópur heldur opið tölmtót laugardaginn 16. júní kl. 14:00.*

Þetta er fyrra stigamót sumarsins. Það seinna verður auglýst síðar. Einnig verður keppt í fljúgandi skeiði.

Skráningargjald er 1000 kr.

*Nánari upplýsingar og skráningar eru hjá*

*Jón Geir í síma 487-1427, Fanneyju í síma 487-4888,*

*Gunnari í síma 847-7125 og Örvari í síma 866-9157.*

Stjórnin

## ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í VÍK



Sumaropnun hjá okkur tekur gildi 1. júní 2007

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ / SUNDLAUG

OPIÐ / OPEN:

Mánudagur (Mon.) - Föstudagur (Fri.)

**07:00 - 21:00**

Laugardagur (Sat.) - Sunnudagur (Sun.)

**10:00 - 19:00**



Upplýsingar / information.

Sími / Tel.: 487 1174. Netfang / email [ithrottamidstod@vik.is](mailto:ithrottamidstod@vik.is)

SWIMMING POOL - SAUNA - SOLARIUM - BADMINTON - TENNIS - GYM

## Hreinsunardagur í Skaftárhrepp 2007.

Kæru íbúar og gestir.

Laugardaginn 9. júní verður tekið til á opnum svæðum hreppsins.

**Mæting við Kirkjuhvol kl. 13,00.**

Hvetjum alla íbúa Skaftárhrepps til að laga til í sínu nánasta umhverfi .

Tökum höndum saman og látum verkin tala..

*Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps.*

*Hvenær var eldspýtan fundin upp?*

Árið 1805 var fyrst reynt að kveikja eld með nokkurs konar eldspýtu. Þá uppgötvaði Frakkinn Jean Chancel að ef mjórri spýtu með blöndu af kalíumklórati, sykri og gúmmí var stungið ofan í brennisteinssýru, kviknaði á spýtnni.

Áður hafði eldur verið kveiktur með ýmsum hætti. Hægt var að kveikja í eldfimu efni

með núningi sem framkallar hita, til að mynda með því að snúa grannri spýtu ótt og títt ofan í holu á fjöl. Auk þess mátti fá neista með því að slá saman stáli eða tinnusteini og einnig mátti kveikja eld með því að safna sólargeislum í brennipunkt með stækkunargleri.

## Sumaræfingar

Umf Dyrhólaeyjar og Drangs hefjast 12. júní

	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	
15:00-16:00	Frjálsar árg. 2001- 1998* Vík				Frjálsar árg. 2001- 1998* Vík	
16:00-17:00					Frjálsar árg. 1997 og eldri Vík	
20:00-21:30	Frjálsar árg. 1997 og eldri Vík	Fótbolti 1995 og yngri Vík	Fótbolti 1994 og eldri Vík	Blandaðar æfingar (fótbolti, frjálsar og leikir) allir geta verið með Péturseyjarvöllur	Fótbolti 1995 og yngri Vík	Fótbolti 1994 og eldri Vík

\*Athugið! Haldnar verða æfingar í frjálsum fyrir árg. 1998 – 2001 frá 15. til 29. júní í Vík ef nægur þátttökufjöldi næst!

Þjálfarar í fótbolta: Þorgils Haukur, Hjörleifur, Victor Berg (forföll og aðstoð)  
Þjálfarar í frjálsum: Kristín Marti, Jóhann Vignir (forföll, aðeins eldri hópinn)

### Verð:

**Frjálsar:** 2500 kr.- (eldri), 1500 kr. (yngri), systkinaafsláttur: 500 kr.

**Fótbolti:** 3400 kr. (innifalinn í verðinu er fótbolti), systkinaafsláttur: 500 kr.

**Frjálsar og fótbolti:** 5000 kr. (fótboltinn innifalinn), systkinaafsláttur: 1500 kr.

**Börn fædd 2001 og yngri:** 1000 kr.

### Nýtt!

#### Íþróttta –og leikjanámskeið

fyrir árg. 1998 – 2002 verður haldið vikuna 2. – 6. júlí, alla daga frá 10:00 til 15:00.

Lögð verður áhersla á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Farið verður í leiki, íþróttgreina, gönguferðir, sundaðlögun og fleira.

Nánari dagskrá verður afhent fyrsta dag námskeiðsins.

Foreldrar mæta með börnin kl. 10:00 í íþróttamiðstöðinni og sækja þau kl. 15:00. Börnin eiga vera klædd eftir veðri og koma með GOTT OG HOLLT hádegisnesti!

Kenningar í námskeiðinu: Victor Berg, Halla Ólafsdóttir, Kristín Marti

Verð: 7500 kr., systkinaafsláttur: 3000 kr.

**Munið að skrá þátttekendur hjá Kristínu (893 9170, marti@aknet.is) eða hjá Guðnýju (487 1411, krol@emax.is) !**

Aðrar upplýsingar má finna á heimasíðu Umf Drangs og Dyrhólaeyjar: <http://umf.vik.is>

## Ferðafélag Mýrdælinga.

### Aðalfundur Ferðafélags Mýrdælinga

Verður haldinn í Ketilsstaðaskóla  
sunnudaginn 10. júní 2007 kl. 20:00.



### Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
  2. Önnur mál.
- Stjórnin.

## Áður auglýst kvöldganga verður 7. júní 2007

### FOSSGIL

Farið verður á eigin bílum frá bankaplaninu í Vík kl. 19:40,  
mæting hjá íþróttavellinum við Pétursey kl. 20:00.

Gengið verður inn eftir Fossgili.

Leiðsögumaður verður Ólafur H. Þorsteinsson.

Verð f. félagsmenn kr. 500 og kr. 700 f. aðra.  
Ferðanefnd.

### Hollráð og heilræði

Veit einhver sem þetta les, hvort og þá hvar fáist plastlykkjur til að smella í handklæði, (með ónýta hanka). Þetta fékkst í Rúmfatalagernum fyrir allmörgum árum og var frábærlega þægilegt og entist vel. Ef einhver veit þetta vinsaml. gefið okkur vísbendingu á [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is) eða í símtali. E

### Mygluð þvottavél (fúkkalykt):

Setjið nokkra dropa af tea tree í sápuhólfið eða í tusku inn í vélna og þvoið á 30-40 °C

### Vond lykt í uppþvottavélinni:

2-3 dropar af lemon eða orange í sápuhólfið

### Ryksugan:

Setjið nokkra dropa af ilmkjarnaolíu að eigin vali í smá snífsi af eldhúsbrefi og byrjið á að ryksuga það upp, nú ilmar allt húsið þegar þið ryksugið


### Þurrkarinn:

Setjið klút með 10-15 dropum af ilmkjarnaolíu með fötonum í þurrkarann, þá ilmar allt

# Blómasala 2007

Verðum með okkar árlegu sumarblómasölu  
mánudaginn 11. júní kl. 11:00-17:00 og þriðjud. 12. júní  
kl. 11:00-13:00 fyrir utan Ráðhúsið á Kirkjubæjarklaustri

**Kálplöntur og kryddjurtir þarf að panta fyrir laugardaginn 10. júní í síma 487 4755 og 898 4955 Sólveig, og í síma 487 4781 Ásdís.**



Kvenfélagið Hvöt



Fv. Ólafur Eggertsson formaður Skóga-safnsins, Sveinn Pálsson sveitarstjóri í Vík, Jóna Sigurbjartsdóttir oddviti Skaftárhrepps og Björgvin Salomonsson.

Á árinu 1980 tóku nokkrir áhugamenn sig til og gáfu út bækling undir nafninu Leiðarlýsing, Vestur-Skaftafellssýsla. Í bæklingnum er lýst öllum helstu leiðum og kennileitum í sýslunni með stuttu ágripi af sögu og náttúrufræði. Bæklingnum fylgdi kort frá Landmælingum Íslands og var útgáfan fjármögnuð með auglýsingum. Gylfi Júlíusson þáverandi vegaverkstjóri hafði frumkvæði að útgáfunni og valdi hann með sér menn sem hann taldi gagnlega verkefninu. Það voru þeir Sigþór Sigurðsson símaverkstjóri sem þekkti afar vel til svæðisins alls frá starfi sínu, Jón Valmundsson brúarsmiður sem einnig hafði starfað um alla sýsluna, Björgvin Salómonsson skólastjóri sem valinn var vegna ritfærni og Guðmundur Elíasson en frændi hans átti prentsmiðju. Bæklingurinn kom út fyrir verslunarmanna-



Gefendur fv. Sigþór Sigurðsson, Jón Valmundsson, Björgvin Salomonsson, Gylfi Júlíusson og Guðmundur Elíasson

helgina 1980 og tóku þeir útgefendur sér stöðu við Jökulsá á Sólheimasandi og við Súlu á Skeiðarsandi og afhentu öllum ferðamönnum sem komu inn í sýsluna um þá helgi eintak af bæklingnum. Einnig var bæklingurinn seldur í verslunum og á bensinstöðvum á svæðinu. Föstudaginn 27. apríl s.l. boðuðu þeir fulltrúa Byggðasafnsins í Skógum, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps á sinn fund á veitingahúsið Ströndina í Vík. Þar afhentu þeir þessum fulltrúum myndir feðganna Vigfúsar Sigfússonar og Gunnars G. Vigfússonar frá heimsóknum forsetanna Sveins Björnssonar (1944), Ásgeirs Ásgeirssonar (1956) og Ólafs Ragnars Grímssonar (1998) í sýslunna.

Myndir: Jónas Erl. Texti af [www.vik.is](http://www.vik.is)

## Ein síðbúin athugasemd um kartöflurækt

Eitt helsta einkenni rótarflókasvepps í kartöflum er svart, hart og moldarkennt hrúður utan á kartöflunum, (e.k. kláðaafbrigði) og eykst þetta eftir því sem sama garðlandið er lengur notað.

Þá er og, að kartöflugrösin verða seinvaxta og fölna síðsumars - a.m.k. í eldri gördum - með tilheyrandi uppskeruþyrnun og munu ýmsir hafa kynnst því s.l. sumar.

Lyf - sem notað er á útsæðið - er að vísu til gegn plágu þessari, en er lítt aðgengilegt fyrir venjulega heimilisræktun, þar sem sérverslanir virðast eingöngu selja það í stórum skömmtum til atvinnuræktenda.

Helst mun því til ráða nýtt garðland og ósýkt útsæði, en nýr garður einn saman er þó nokkur bráðabirðgaúrbót. L.H.



Jón Gunnar Jónsson í Vík í Mýrdal afhenti á dögnum Sveini Pálssyni sveitarstjóra í Vík bók sem inniheldur öll erindi sem flutt voru á Áttahaganámskeiði í Vík fyrir tveimur árum, bókin er hin vandaðasta, bundin inn í geita-skinna og með 28 karata gyllingu.

Mynd: Jónas Erl.

### VISA VIKUNNAR

Aberdeen af granít gjörð,  
gegnum aldahringa  
standi tigin, hrein og hörð;  
heiður Skotlendinga.

Höfundur: Páll Guðmundsson,  
Hjálmsstöðum í Laugardal f.1873 -



Þorgerður Einarsdóttir starfsmaður Kaupþings í Vík kom sferandi hendi í leikskólann í Vík á dögnum. Hún afhenti börnunum gjöf frá Kaupþing, sem var allt til matjurtaræktar nema sjálf moldin.

Þorgerður segir að Kaupþing hafi ákveðið að vera í grasrótarvinnu og ætlar að færa öllum leikskólum landsins samskonar gjafir til að búa til matjurtagarð.

Á myndinni er börnin tilbúin og galvösk í niðurstöðinguna á kartöflunum.

Mynd: Jónas Erlendsson